



Bridge

Jón Baldursson og Sævar Þorbjörnsson sigruðu af öryggi Portoroz-stórmótið, sem haldið var um síðustu helgi. Hitt landsliðsparið, í mótinu, Þóririnn Sigþórsson og Guðmundur Páll, voru svo sannarlega ekki á skotskónum í þessu móti, einsog eftirlandi spil vitnar til um:

AKD1065		D982	
Ád8			
942	3		
AG73	6		
A3	KD106542		
K932	G654		
G87			
K1054			
G987			
107			

Sagnir gengu:

1 lauf	3 t	Dobl	Pass
3 sp.	Pass	4. sp.	Pass
5 lauf	Pass	5 hj.	Pass
6 sp.	Pass	Pass	Dobl
Allir pass.			


Hermann-Ólafur sátu í N/S en Þóririnn í Vestur, og hann doblaði lokasögnina. Guðmundur spilaði út hjartaeinsplínu. Þóririnn tók á ás, skipti yfir í figulás, sem Norður trompaði. Sagnhafi tók síðan á trompás, meira tromp inn á gosa, út með laufatíu sem Þóririnn lagði á, tekin laufadrottning, meira lauf og trompaði í borði. Og í lokin svinaði sagnhafi fyrir hjartagosa. 6 spaðar doblaðir gáfu hreinan topp fyrir N/S, jafnvel ódolaðir, því sumir náðu ekki í game, hvað þá annað.

Svona var stríðsgæta þeirra Þórarins og Guðmundar...

Skák

Karpov að taffi — 133

Þegar Karpov mætti Ulf Andersson í 8. umferð skákmótsins í Milanó hafði hann teft 29 skákir sem heimsmeistarar og aldrei tapað. Hann hafði heldur aldrei lent í verulegri taphættu. Skákin við Ulf varð fyrsta tapskák hans enda tefldi Sviinn frábærlega vel. Karpov hafði hvítt, náði betri stöðu út úr byrjuninni en skiptamuns fór Andersson virtist setja hann út af laginu. Þegar skákin fór í bið var staða Karpovs mjög erfið. Andersson tefldi af mikilli nákvæmni eftir það og fyrsta tap heimsmeistarans varð staðreynd:



Karpov — Andersson

Svartur leikur og vinnur. Hér kemur niðurlagið í skák þeirra félaga

76. ..Dh1+

77. Kf2 Ha1!

78. Hc3 Dg2+

79. Ke3 Df3+

— Hvítur gafst upp. Hann tapar miklu liði eftir 80. Kd2 Ha2+ o.s.frv.

Gætum tungunnar

Sagt var: Ég kann illa við þannig málflutning.

Rétt væri: Ég kann illa við slíkan málflutning.

Hins vegar væri rétt: Ég kann illa við að þannig sé á málum haldið.

(Þannig er atviksorð en ekki lýsingarorð.)



Nokkrir þeirra myndlistarmanna sem sýndu á „Scandinavia today“. Þau voru öll við opunarathöfnina. F.v.: Þórður Hall, Gestur Þorgrímsson, Sigrún Guðjónsdóttir, Ragna Róbertsdóttir, Asgerður Búadóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Jóhanna Bogadóttir, Jón Reykdal, Ragnheiður Jónsdóttir, Steinunn Marteinsdóttir, Sigrún Einarsdóttir og Þorbjörg Þórðardóttir.

„Scandinavia today“

Kynning á framlagi Íslands

— stendur nú yfir í Menningarstofnun Bandaríkjanna við Neshaga

Forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, opnaði síðastliðinn föstudag kynningu á framlagi Íslands í samnorrænu sýningunni „Scandinavia today“. Kynning þessi stendur yfir þessa dagana í Menningarstofnun Bandaríkjanna við Neshaga en hún er sett upp í samvinnu bandarísku menningarstofnunarinnar og menntamálaráðuneytisins. Þar gefur að líta fjölmargar ljósmyndir frá þeim tíma er sýningin stóð sem hæst í Bandaríkjunum

síðastliðið haust, úrklippur með frásögnum bandarískra blaða af kynningu jafnframt dómar um einstaka listviðburði og þar fram eftir götunum. Móttökuathöfn Bandaríkjaforseta, Ronalds Reagan, er gerð sérstaklega góð skil á kynningunni á Neshaga svo og allri framgöngu forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur. Vigdís fór fyrir norrænu þjóðhöfðingjunum sem sóttu hátíðina og vakti hvar sem hún fór feiknalega athygli.




Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu, forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, og sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Marshall Bremant. Myndir ljósmyndara Þjóðviljans, Atla, voru teknar við opnun sýningarinnar.

Við opnun sýningarinnar í menningarstofnun hélt Vigdís stutta ræðu þar sem hún drap á ýmislegt það sem á dagana dreif þegar „Scandinavia today“ var opnuð, en þessum menningarviðburði er enn ekki lokið og margvíslegar listsýningar enn í gangi í Bandaríkjunum. Þá tók sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi,

Marshall Bremant til máls.

Að lokinni setningarathöfn söng karlakórinn Föstbræður, en Föstbræður héldu fjölmaga tónleika í Bandaríkjunum á liðnu hausti.

Kynningin stendur til sunnudagsins 15. maí. Hún er opin frá kl. 14 til 20 alla virka daga og frá kl. 14 til 22 um helgar. — hól.



Eina pulsu takk... — Ljósm.: — eik.



Útsýn frá Hólavallatúni norður yfir 1846.

Húsin í Reykjavík töluset

Árið 1848 lét Rosenörn stípt-
amtmaður það boð út ganga að
hús við allar aðalgötur í bænum
skyldu töluset. Búið var þá að
skíra allar helstu göturnar og
hafa flest nöfnin haldist til þessa
dags.

Tekin voru upp ný gatnanöfn
svo sem Hafnarstræti, Austur-
stræti, Lækjargata, Vallarstræti,
Kirkjubrú, Læknisgata o.fl.
Sumsstaðar þótti tölusetning
húsanna nokkuð handahófs-
kennd, einkum kringum
Austurvöll. Lögfest var nú nafnið

Ingólfsbrekka og náði hún yfir
svæðið milli lækjarins og gömlu
Þingholtsbæjanna og frá „Kon-
ungsgarði“ og suður að
Söðlakoti.

Töluvert var byggt af húsum í
bænum á þessu ári. Má þar nefna
hús við vestanverða Suðurgötu
suður af Dillonshúsi og að Hóla-
kotstúni. Þá byggði og Ágúst
Thomsen hús það við Laugaveg
sem Jón yfirdómari Pétursson
bjó síðar í. Rak Thomsen þar
greiðasölu.

— mhg